

## FUNDARGERÐ

279. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 29. janúar 2025 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Práinn Óskarsson, Aron Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir og Rósa Kristinsdóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediksdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 278 var lögð fram og samþykkt.

### 2. Kynning sviða: Mannauður og skrifstofa útvarpstjóra

Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri kynnti starfsemi mannauðsdeildar og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu útvarpstjóra.

### 3. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála fór yfir bráðabirgðauppgjör janúar-desember 2024. Samkvæmt fyrstu tölum sé áætlað að afkoma RÚV hafi verið neikvæð um nálægt 200 m.kr. á árinu 2024. Hins vegar eigi eftir að ljúka við allar afstemmingar og framkvæma tilteknar uppgjörsfærslur auk þess sem endurskoðendur eiga eftir að fara yfir reikninga félagsins og því geta tölurnar tekið einhverjum breytingum. Endanleg niðurstaða félagsins verði birt í ársreikningi á aðalfundi félagsins í apríl nk.

Hlutfallslega var tekjuáætlun í heild nánast á pari við endurskoðaða áætlun í upphafi árs 2024. Á hinn bóginn var rekstrarkostnaður félagsins talsvert yfir áætlun sem meðal annars má rekja til viðbúnaðar og viðbragða vegna jarðhræringa á Reykjanesi og tvennra kosninga á árinu.

### 4. Minnisþingar útvarpstjóri

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að Fjölmíðlanefnd hefði skila inn mati sínu á því hvort RÚV hafi uppfyllt almannajónustuhlutverk sitt samkvæmt 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu fyrir árið 2023. Matið hefði verið einfaldað frá fyrra verklagi með birtingu sérstakrar töflu sem geymir yfirlit yfir skyldur RÚV og mat nefndarinnar á því hvort þær teljist hafa verið uppfylltar. Samhliða því hefði greinargerð RÚV til nefndarinnar einnig verið birt. Það var mat Fjölmíðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt allar skyldur sínar skv. 3. gr. laganna.

Farið var yfir menningarviðurkenningar Ríkisútvarpsins, sem afhentar voru á sérstakri athöfn fyrr í janúar. Áslaug Jónsdóttir hlaut viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins og Birnir Jón Sigurðsson hvatningarverðlaun sjóðsins. Þá voru styrkhafar úr Tónskáldasjóði RÚV og STEF kynntir auk þess sem Krókurinn, viðurkenning Rásar tvö fyrir lifandi tónlistarflutning, var afhentur en hann hlaut að þessu sinni tónlistarmaðurinn Mugison. Loks var tilkynnt um val hlustenda á orði ársins, sem að þessu sinni var starfsheitið hraunkælingarstjóri. Logi Einarsson, nýr menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra flutti af þessu tilefni sitt fyrsta opinbera ávarp sem ráðherra.

Gerð var grein fyrir vinnu við leiðarvísi um RÚV á samfélagsmiðlum, sem byggir á gildandi stefnu RÚV, lögum og þjónustusamningi. Í þeim drögum væru helstu áherslur RÚV, markmið og viðmið skilgreind. Einnig gerði útvarpsstjóri grein fyrir því að unnið væri að samskiptaáætlun vegna stærrí viðburða og frávika í rekstri og samhliða væri unnið að breytingum á reglum vegna persónulegrar notkunar starfsfólks á samfélagsmiðlum. Allt væri þetta unnið í samvinnu við starfsfólk RÚV og stjórnendur.

þjó. AS M MT SÖG 15B

Farið var yfir viðbúnað vegna ýmissa öryggismála, en nýlegar jarðhræringar í Bárðarbungu kölluðu á yfirferð yfir ýmis öryggismál, einkum áhrif meiriháttar rafmagnsútfalls. Þá var gerð grein fyrir þátttöku RÚV í nýlegri æfingu vegna rofs á ljósleiðarasambandi við Ísland.

Loks fór útvarpsstjóri yfir sterk viðbrögð við nýlegum dagskrárliðum á borð við þáttaröðina Vigdís, sem hefði fengið mikið áhorf og jákvætt umtal. Mikið áhorf hefði einnig verið að HM í handbolta í janúar, einkum leiki íslenska landsliðsins sem hefðu farið jafnvel yfir 60% í uppsöfnuðu áhorfi. Gerð var grein fyrir mögulegu samstarfsverkefni við slökkviliðið á sviði forvarnarmála og að undirbúningur fyrir Söngvakeppnina gengi afar vel, til dæmis væri nú þegar uppselt á helming viðburðanna sem í boði eru.

Loks var gerð grein fyrir samstarfi RÚV og RTE, írsku ríkisútvarpsins, á þáttaröð um hvarf íslensk manns í Dublin á Írlandi fyrir nokkrum árum. Þáttaröðin hefði fengið afar góðar viðtökur.

## 5. Önnur mál

Fyrirspurn kom frá stjórnarmanni um væntanlega þátttöku Íslands í Eurovision, í ljósi þátttöku Ísrael í keppninni. Fram kom hjá útvarpsstjóra að fyrir lægi að Ísrael myndi taka þátt í keppninni, en unnið hefði verið að ýmsum úrbótum í tengslum við framkvæmd keppinnar af hálfu EBU. Ísland líkt og aðrar Norðurlandabjóðir hefðu tilkynnt um þátttöku í keppninni í ár, og hefðu sömuleiðis mótað sameiginlega afstöðu til úrbótatillagna EBU og komið sjónarmiðum sínum á framfæri í þeirri vinnu. Áfram yrði vel fylgst með stöðu og þróun mála á vettvangi EBU auk þess sem reglubundið samtal og samráð væri á milli Norrænu almannáþjónustumiðlanna um þessi mál.

Fundi slitið.

Silja D. Gunnadóttir

Ingvar Smári Björgsson  
DJR

Þararóttur Tryggvael.

þórir Óskær.

Árni Ólafsson  
Árni Ólafsson